



# FRÉTTABRÉF UMSE

1. tbl. 23. árgangur 2008



## Pistill Formanns UMSE

Heilir og sælir Eyfirdingar. Þar sem hér er að koma út fyrsta fréttabréf okkar á árinu 2008, er við hæfi að óska öllum velfarnaðar á því herrans ári og þakka fyrir það síðasta. Það þykir við hæfi í byrjun árs að líta um öxl rifja upp það helsta sem gerst hefur í fortíðinni og víst er ýmislegt sem fer í gegnum hugann þegar hugsað er til baka en minnst af því verður sett hér á prent. Eitt er það þó sem ég vil minnast á, svona í upphafi. Síðasta haust sat ég fund eða einskonar hringborðsumræður, sem boðað var til af ÍSÍ þar sem mættir voru formenn héraðssambanda til að ræða tilgang og hlutverk þeirra samtaka. Það má segja að það hafi verið, á margan hátt, afar fróðlegt að heyra hvernig formenn upplifðu tilgang síns sambands allt frá því að vera pósthólf eins og einhverjir orðuðu það og til þess að vera öflug samtök, sem sinnu því hlutverki sem þeim er ætlað og til ætlast af samfélaginu. Svo þegar farið var að skoða málin nánar kom í ljós að það voru yfirleitt minni samböndin sem áttu undir högg að sækja, þó var það ekki einhlítt. Það var einkum tvennt sem réði því hvernig starfinu var hátað. Það var þörf félaganna fyrir héraðssambandið og fjárhagsleg staða þess. Ef við lítum hér á Eyjafjörðinn þá er alveg ljóst að þörf félaga hér fyrir UMSE er ákaflega misjöfn. Það breytir því ekki að UMSE er mjög mikilvægt sumum og samkvæmt lögum þá er landinu skipt í íþróttahéruð og eitt þeirra heitir Ungmennasamband Eyjafjarðar. Ég hef reyndar þá skoðun, sem ég hef komið inn á áður og reynt að koma á framfæri, að það eigi að stækka þetta íþróttahérað og á ég þá við að sameina eigi allan Eyjafjörðinn í eitt íþróttahérað. Þetta hefur ekki hlotið hljómgrunn ennþá hjá nágrönnum okkar á Akureyri, Ólafsfirði og Siglufirði, en ég er ekki í neinum vafa að það kemur að þessum samruna. Ef við lítum á seinna atriðið þá er fjárhagsleg staða sambandanna ákaflega misjöfn. Í ljós kom að það er mjög misjafnt hvað sveitarfélögin eru að styrkja samböndin og var það talið algjört lykilatriði að þau stæðu vel við bakið á samböndunum svo að hægt væri að reka skrifstofu með launuðum starfsmanni og þá helst í 100% starfi. Það var reyndar niðurstaða fundarins að ÍSÍ ætlaði að fara að vinna í því að leita styrkja svo hægt yrði að reka skrifstofur með starfsmanni í 100% starfi hjá öllum héraðssamböndunum. UMSE hefur lengi notið styrkja frá sveitarfélögunum og er það vel þó það dugi ekki til að reka starfsmann í 100% starfi. Mín skoðun er sú að eins og starfi UMSE er hátað í dag þá sé ekki þörf fyrir starfsmann í fullu starfi, en það er ekkert sem segir það að ekki geti komið að því einhverntíman og vissulega hef ég oft hugsað um það hvort rétt sé og hægt með einhverju móti að tengja starfsmann UMSE meira inn í starf félaganna en gert er í dag.

Þessi ár sem ég hef verið formaður UMSE þá hef ég oft hugsað um það hvað mér finnst vanta fleira ungt fólk til starfa fyrir íþrótt- og ungmennafélagshreyfinguna. Einhvern vegin er það svo að það sem þótti sjálfsagður hlutur hér áður fyrr, að um leið og fullorðinsaldri var náð var farið að starfa í félagsmálum. Þá heyrir nú til undantekningar ef ungt fólk vill gefa sig út í slíka hluti. Þetta er slæm þróun og veit ég ekki hvað er til ráða, því það er ýmislegt gert til að þroska og örva ungt fólk á þessu sviði. Það verður þó alltaf sígilt að í þessum málum eins og svo mörgum öðrum, að besta blandan er að blanda saman reynslu þeirra eldri og hugmyndum og krafti þeirra yngri.

Ágætu Eyfirðingar það líður að ársþingi og þá verða liðin sex ár síðan undirritaður var kjörinn formaður UMSE. Nú hef ég tekið ákvörðun um að gefa ekki kost á mér til endurkjörs og vil nota þetta tækifæri til að þakka öllu því ágæta fólki sem ég hef haft samskipti við fyrir samstarfið. Þessi ár hafa verið ánægjuleg og ég á margar góðar minningar af samskiptum við fólk, ferðalögum, fundum og ýmsu öðru sem tengdist starfi mínu sem formaður UMSE. Takk fyrir það.

*Íslandi allt.*

*Árni Arnsteinsson.*

## **Styrktarsamningur Bústólpa við UMSE.**

Nýlega var undirritaður samningur milli UMSE og Bústólpa ehf. Þar kemur fram að á árunum 2008, 2009 og 2010 er Bústólpi aðalstyrktaraðili UMSE. Bústólpi hefur verið aðalstyrktaraðili UMSE síðustu 6 ár og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

## **Landsmót á Akureyri 2009.**

Eins og flestum er kunnugt um þá verður landsmót UMFÍ haldið á Akureyri 9.-12. júlí 2009 og verða framkvæmdaáðilar mótsins Ungmennafélag Akureyrar og Ungmennasamband Eyjafjarðar. Það má segja að undirbúningur sé kominn á fullt skrið nú þegar. Fyrsti fundur landsmótsnefndar var haldinn 31. janúar 2007 en hún er þannig skipuð. Frá UFA: Kristján Þór Júlíusson sem er formaður nefndarinnar, Haukur Valtýrsson og Sonja Sif Jóhannsdóttir. Einnig hefur Gísli Pálsson starfað með nefndinni. Frá UMSE: Júlíus Júlíusson, Jóhanna Gunnlaugsdóttir og Guðmundur Sigvaldason. Frá UMFÍ Sæmundur Runólfsson, Hringur Hreinsson og Helga G Guðjónsdóttir. Þá hafa Árni Arnsteinsson formaður UMSE og Ómar Bragi Stefánsson landsfulltrúi UMFÍ unnið með nefndinni frá upphafi. Að halda Landsmót er stórt verkefni, en með alla þá aðstöðu sem mótið hefur aðgang að á Akureyri og samstilltu átaki félaganna ætti að reynast auðvelt að halda glæsilegt mót eins og stefnt er að. Það er þó alveg ljóst að til þess að mótið verði glæsilegt þarf mikinn mannafla bæði við undirbúning og framkvæmd þess mótsdagana og þá reynir á hina fjölmörgu félaga okkar út um hérað. En það er ekki bara framkvæmd mótsins sem við þurfum að huga að heldur líka þátttaka okkar í því. Það hlýtur tvímælalaust

að vera stefna UMSE að þátttaka okkar fólks verði sem mest bæði í íþróttakeppninni sjálfri og utan hennar. Þetta þarf allt að fara að undirbúa nú strax á þessu ári og væntum við þess að vel verði tekið í málaleitan okkar þegar eftir verður leitað.

### **Árspaning UMSE.**

Árspaning UMSE 2008 verður haldið í Valsárskóla á Svalbarðsströnd laugardaginn 8. mars næstkomandi kl. 10:00 stundvíslega. Öll aðildarfélög UMSE eru hvött til að nýta rétt sinn til setu á þinginu. Það er mikils virði fyrir starfsemi UMSE og reyndar fyrir félögin líka að vel sé mætt og málefnið rædd opinskátt. Þá verður á þinginu veittar viðurkenningar til íþróttamanna UMSE og einnig ýmsar aðrar viðurkenningar.

### **Vormenn Íslands.**

Ungmennafélag Íslands náði þeim merka áfanga að verða 100 ára á síðasta ári. Af því tilefni var gefin út bókin *Vormenn Íslands* sem segja má að skiptist í fjóra kafla. Fyrsti kafli bókarinnar fjallar um sögu UMFÍ í 100 ár. Annar um sögu landsmótanna, en það verða einmitt 100 ár frá því að fyrsta landsmótið var haldið þegar við höldum okkar landsmót á Akureyri næsta sumar. Þriðji kafllinn er um sögu unglíngalandsmótanna og fjórði um sögu Þrastarskógar. Lestur bókarinnar er afar fróðlegur og skemmtilegur ekki síst fyrir okkur Eyfirðinga. Þar kemur m.a. fram hversu stórann þátt við eigum í sögu UMFÍ, þar sem hér í Eyjafirði var stofnað fyrsta ungmennafélagið og síðan unnið frumkvöðlastarf við stofnun UMFÍ. Þá var fyrsta landsmótið var haldið á Akureyri og fyrsta unglíngalandsmótið á Dalvík 1992. Bókin er til sölu og má nálgast hana á skrifstofu UMSE.

### **Þakkir til styrktaraðila á árinu 2007**

Ýmsir aðilar hafa lagt UMSE lið á árinu sem leið og viljum við færa þeim okkar bestu þakkir fyrir að gera okkur kleift að starfa að félags- og íþróttamálum í okkar íþróttahéraði.

Eftirfarandi aðilar styrktu UMSE á árinu 2007:

#### ***Bústólpi ehf.***

#### ***aðal styrktaraðili UMSE***

<i>Héraðsnefnd Eyjafjarðar</i>	<i>Búnaðarsamband Eyjafjarðar</i>
<i>UMFÍ</i>	<i>ÍSÍ</i>
<i>KEA</i>	<i>Afreksvörur</i>
<i>Glitnir</i>	<i>Trans Atlantic</i>
<i>Kaupþing</i>	<i>Sparisjóður Norðlendinga</i>
<i>Kaffibrennslan</i>	

## Frjálsar íþróttir

### Nýársmót UMSE

Nýársmótið fór fram í Íþróttahöllinni á Akureyri laugardaginn 12 janúar. Þátttaka var góð á mótinu og að þessu sinni tóku 8 félag þátt í mótinu. Keppt var í ýmsum greinum frjálsra íþróttanna frá flokknum 8 ára og yngri upp í 15 ára og eldri. Mótið tókst vel að flestu leyti þrátt fyrir að hafa farið örfítið fram yfir tímaramma sinn. Við þökkum öllum þeim sem lögðu hönd á plóginn við framkvæmd mótsins.

### MÍ 15-22 ára

Góður árangur var hjá keppendum UMSE á Meistaramóti Íslands, 15-22 ára, helgina 2.-3. febrúar. Ein gullverðlaun, 3 silfurverðlaun og 2 brons auk þess sem nokkrir voru nærri verðlaunasæti og ágætar bætingar hjá mörgum. Ari Jóhann Júlíusson varð íslandsmeistari í þrístökki 15-16 ára sveina, stökk 12,14 m auk þess

### Helgarferð að Laugum í Reykjadal í boði Flott án fíknar

Gleðiferð fyrir ungmenni á aldrinum 16-20 ára sem eru án tóbaks og vímuefna helgina 28.-30. mars. Leikir, útvist, kvöldvökur og fleira þar sem hinn eini sanni Ungmenna-félagsandi ræður ríkjum. Þátttakendum stendur til boða að gerast sjálfboðaliðar í starfi Flott án fíknar í kjölfar ferðarinnar.

Þátttakendur koma sér sjálfir á staðinn og taka þátt í matargerð en gisting og fæði er í boði Ungmennafélags Íslands. Þátttakendur hafi meðferðis: svefnpoka, handklæði, sundföt, góð útiföt og annað sem þeir telja sig þurfa. Fararstjórar: Guðrún Snorradóttir, landsfulltrúi UMFÍ og Jörgen Nilsson, leiðbeinandi Ungmennabúðanna að Laugum í Sælingsdal.

Áhugasamir skrái sig á netfangið: [gudrun@umfi.is](mailto:gudrun@umfi.is)

Allar nánari upplýsingar eru gefnar í Þjónustumiðstöð UMFÍ í síma 568-2929 / 568-2925 /gsm. Guðrún 848-5917

Útgefandi: Ungmennasamband Eyjafjarðar,  
Óseyri 2, 603 Akureyri.

Veffang: [www.umse.is](http://www.umse.is)

Tölvupóstur: [umse@bugardur.is](mailto:umse@bugardur.is)

Ábyrgðarmaður: Þorsteinn Marínósson

